



Sumarfjarnám 2013 þjálfaramenntun 1. stigs ÍSÍ

Sumarfjarnám 1. stigs í þjálfaramenntun ÍSÍ mun hefjast mánudaginn 24. júní nk. og tekur átta vikur. Um er að ræða samtals 60 kennslustunda nám og er þátttökugjald kr. 25.000.- Allt efni er innifalið í gjaldinu s.s. bókin Þjálffræði sem send er heim til þátttakenda ásamt öðru efni. Námið er almennur hluti þjálfaramenntunar ÍSÍ og **gildir jafnt fyrir allar íþróttagreinar**. Það jafngildir áfanganum ÍþF 1024 sem kenndur er í framhaldsskólum landsins. Námið er allt í fjarnámi, það eru engar staðbundnar lotur! Skráning er á namskeid@isi.is eða í síma 514-4000 og þarf henni að vera lokið fyrir fimmtudaginn 20. júní. Með skráningu þarf að fylgja fullt nafn, kennitala, heimilisfang, netfang og símanúmer. Rétt til þátttöku hafa allir sem lokið hafa grunnskólaprófi.

Mikil þátttaka hefur verið í þjálfaramenntun ÍSÍ í fjarnámi enda eru vaxandi kröfur gerðar til íþróttþjálfara um menntun og fagmennsku í starfi.

Allar nánari uppl. um fjarnámið og aðra þjálfaramenntun ÍSÍ gefur Viðar Sigurjónsson í síma 460-1467 eða á vidar@isi.is

Með bestu kveðju,

Viðar Sigurjónsson
Skrifstofustjóri ÍSÍ á Akureyri
Þjálfaramenntun ÍSÍ – Fyrirmyndarfélag ÍSÍ